

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 1. júní 2023

Mál nr. S-1625/2023:

Héraðssaksóknari

(*Sonja Hjördís Berndsen aðstoðarsaksóknari*)

gegn

Demetrius Allen

(*Magnús Jónsson lögmaður*)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 4. maí sl., er höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 9. mars 2023, á hendur Demetrius Allen, fæddum [...], bandarískum ríkisborgara, með dvalarstað að fangelsinu Hólmsheiði, fyrir „nauðgun, með því að hafa að kvöldi sunnudagsins 1. janúar 2023, í kyrrstæðri bifreið við bensínstöð B við [...] í Reykjavík, án samþykkis og með ofbeldi og ólögum nauðung, haft samræði og önnur kynferðismök við A, kt. [...], en ákærði þvingaði hana til að hafa við sig munnmök með því að ýta höfði hennar ítrekað niður að getnaðarlim sínum og skeytti því engu þótt hún berðist á móti, segði honum að hætta og kastaði upp. Ákærði hafði í kjölfarið við hana samfarir með því að notfæra sér að hún var illa áttuð og gat ekki spornað við verknaðinum sökum áhrifa kannabisefna og skeytti því engu þótt hún héldi áfram að kasta upp.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu A, kt. [...], er gerð sú krafa að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð kr. 4.000.000,- auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 1. janúar 2023, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr. vaxtalaga, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“

Verjandi ákærða krefst þess aðallega að ákærði verði sýknaður en til vara að honum verið dæmd vægasta refsing er lög leyfa. Hann krefst þess að bótakröfu verði vísað frá dómi, en til vara að ákærði verði sýknaður af kröfunni og til þrautavara að bætur verði stórlega lækkaðar. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins sem greiðist úr ríkissjóði auk málsvarnarþóknunar fyrir fyrri verjendur.

Málsatvik

Samkvæmt skýrslu lögreglu var hún, aðfaranótt 2. janúar 2023, kölluð að kjallaraíbúð að [...] í Reykjavík vegna hugsanlegrar nauðgunar. Tíu ára drengur tók á móti lögreglu á vettvangi ásamt þriggja ára systur sinni. Hann vísaði lögreglu inn í svefnherbergi þar sem móðir þeirra, brotaþoli, lá í rúmi. Brotaþoli lá stjörf á bakinu í rúminu og var ekki með sæng yfir sér. Peysa brotaþola var uppbrett þannig að magi hennar var ber. Hún var klædd í gráa hettupeysu og í svarta peysu yfir hana. Þá var hún í svörtum buxum og dökkum sokkum. Brotaþoli var sljó í háttum og þurr í munni og mátti sjá ælu á hettupeysu hennar.

Brotaþoli greindi frá því að ákærði hefði nauðgað henni í bifreið hennar. Hún kvaðst hafa kynnst ákærða á stefnumótaforritinu Tinder. Hann væri bandarískur og hefði dvalið á Íslandi í þrjá mánuði en farið heim yfir jólin. Hann hefði beðið hana um að fá að dvelja heima hjá henni í einn eða tvo daga þegar hann kæmi aftur til landsins og hún hefði fallist á það. Ákærði hefði verið inni á heimilinu með henni og börnum hennar. Hann hefði viljað reykja kannabis en ekki viljað gera það inni í íbúðinni vegna barnanna. Þau hefðu þá farið um klukkan 22:00 út í bifreið hennar. Hún hefði ekið að bifreiðastæði við B að [...] þar sem þau hefðu reykt kannabis inni í bifreiðinni.

Brotaþoli kvaðst svo ekki muna fyrr en hún hefði verið öskrandi og grátandi. Ákærði hefði síðan kysst hana innilega og svo tekið um höfuð hennar og sett það á getnaðarlim sinn og neytt hana til munnmaka. Við þetta hefði hún ælt yfir hann. Hann hefði síðan nauðgað henni „sideways“ með því að setja getnaðarlim sinn inn í leggöng hennar. Hann hefði sett hana á hlið og opnað dyr bifreiðarinnar þannig að höfuð hennar hefði verið fyrir utan bifreiðina. Hún hefði togað buxur sínar upp en hann horft á hana og sagt ítrekað „what did I do to you?“ og „I did nothing wrong“. Síðan hefði hann hringt í mann sem hann hefði kallað annaðhvort C eða D og beðið hann að sækja sig. Brotaþoli hefði af og til verið að missa meðvitund. Einhver hefði sótt ákærða á bifreið en hún sofnað í bifreið sinni. Brotaþoli hefði átt erfitt með að vakna en náð að keyra heim til sín. Hún var síðan flutt með sjúkrabifreið á neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis á Landspítalanum.

Tekin var skýrsla af brotaþola á neyðarmóttöku þar sem hún greindi frá því að hún hefði kynnst ákærða á Tinder um tíu dögum fyrr. Hann hefði svo komið til landsins,

hún sótt hann á flugvöllinn og hann hefði dvalið hjá henni á heimili hennar. Á nýársnótt hefðu þau farið út að skemmta sér. Eftir það hefðu þau stundað kynlíf heima hjá henni og haft samfarir þar sem þau hefðu notað smokk. Að kvöldi nýársdags hefði ákærði viljað að þau keyptu kannabisefni. Hún hefði ekið með hann að kaupa efnið og hann hefði útbúið það heima þannig að þau gætu reykt það. Hún hefði ekki viljað reykja inni í íbúðinni þar sem börnin hennar væru heima. Þau hefðu því ákveðið að fara út að ganga og reykja á meðan. Þar sem mjög kalt hefði verið í veðri hefðu þau ákveðið að fara í bifreiðina hennar og reykja þar. Hún hefði svo ekið bifreiðinni að B í [...] og lagt bifreiðinni þannig til hliðar að ekki sæist til þeirra. Hún hefði setið í bílstjórasetinu og ákærði í farþegasætinu. Brotþoli kvaðst strax hafa fundið fyrir miklum áhrifum af kannabisefninu, farið að sjá liti og missa meðvitund.

Ákærði hefði viljað hafa við hana munnmök en hún hefði ekki viljað það og beðið hann að fara með sig heim. Hann hefði verið búinn að draga niður um sig buxurnar og hefði ýtt höfði hennar að getnaðarlim sínum en hún hefði reynt að ýta höfði sínu aftur upp. Hún hefði fundið til því að limurinn á honum hefði farið mjög djúpt upp í hana, alveg ofan í kok. Þetta hefði endað með því að hún hefði kastað upp yfir liminn á honum og á sjálfa sig. Henni hefði fundist sem þetta hefði æst ákærða meira upp. Hún teldi að ákærði hefði fengið sáðfall upp í hana en væri þó ekki alveg viss. Síðan hefði ákærði dregið buxurnar niður um hana, skipað henni að leggjast á magann og byrjað að hafa samfarir við hana í leggöng aftan frá. Hann hefði látið hana opna bílstjóradyrnar svo það væri pláss. Hún hefði því verið með höfuðið út úr bílnum. Meðan á samförunum stóð hefði hún margsinnis kastað upp á jörðina fyrir utan bílinn.

Að samförunum loknum hefði hún sest upp og séð að ákærði hefði verið með smokk á limnum en hún væri ekki viss hvort hann hefði fengið sáðfall við samfarirnar. Brotþoli kvaðst hafa verið í mjög skrítnu ástandi eftir þetta, verið mjög þreytt og ekki fyllilega áttað sig á hvað hefði gerst. Hún hefði haldið áfram að biðja ákærða að fara með sig heim en hann hefði hins vegar öskrað á hana að hann hefði ekki gert neitt. Hún hefði svo heyrt hann hringja í vin sinn, sem henni hefði heyrst heita D, og biðja hann að sækja sig. Hún hefði heyrt hann segja í símann „I think I killed her“. Eftir að ákærði fór hefði hún setið eftir í bifreiðinni en hún vissi ekki hve lengi. Hún hefði ákveðið að keyra heim, en það væri í um fimm mínútna fjarlægð. Sonur hennar hefði hringt í hana að leita að henni og hún sæi að það hefði verið klukkan 00:34, en þá hefði hún verið komin fyrir utan heimilið.

Þegar hún kom inn hefði hún séð að ákærði hefði verið þar, en ferðatöskur hans hefðu verið horfnar. Hún hefði reynt að hringja í ákærða á Whatsapp en hann hefði verið búinn að „blokka“ hana. Eftir hvatningu frá syni sínum hefði hún ákveðið að hringja í lögreglu.

Reynt var að hafa uppi á ákærða um nóttina til þess að fá hann til yfirheyrslu en hann svaraði ekki í símanúmerinu sem brotaþoli hafði. Þar sem brotaþoli hafði greint frá því að hann hefði unnið við þjálfun [...] fyrir [...] E var unnið að því að finna einhverja sem tengdust honum hér á landi. Út frá nafninu D, sem brotaþoli hafði nefnt, fannst maður með því nafni sem spilar [...] hér á landi. Er lögregla hafði samband við hann kom í ljós að hann þekkti ákærða og viðurkenndi hann að hafa sótt ákærða á B við [...] að hans beiðni. Kvaðst hann hafa ekið ákærða fyrst að [...] og síðan niður í miðbæ. D sagðist ekki vita hvar ákærði væri niðurkominn en hann hefði ætlað að finna sér gistingu í miðbænum. Óskaði lögregla aðstoðar hans við að hafa uppi á ákærða og sagði honum að ákærði væri eftirlýstur af lögreglu. Einnig var haft samband við forsvarsmann E sem sagðist ekki hafa vitað að ákærði væri á landinu, hann hefði unnið við þjálfun hjá félaginu í sex vikur á haustmánuðum en samstarfi við hann hefði verið slitið. D hafði samband við lögreglu síðdegis og sagði líklegt að ákærði væri á tilteknu heimilisfangi. Þegar lögregla kom þangað var ákærði ekki þar lengur. Skömmu síðar hafði F, vinkona ákærða, samband við lögreglu til að spyrjast fyrir um mál ákærða og kom hún með ákærða til skýrslutöku á lögreglustöð.

Brotaþoli gaf aftur skýrslu hjá lögreglu 3. janúar 2023 og kærði ákærða fyrir nauðgun. Hún lýsti atvikum þar með sama hætti og fyrr.

Við skýrslutöku af ákærða hjá lögreglu, 2. janúar 2023, neitaði hann sök. Hann kvaðst hafa haft kynmök við brotaþola með hennar samþykki og að hennar frumkvæði. Að því loknu hefði hún kastað upp fyrir utan bifreiðina og í kjölfarið hefði fas hennar breyst þannig að hann hefði ákveðið að hringja í vin sinn og biðja hann að sækja sig. Brotaþoli hefði síðan látið hann fá húslykla og heimilisfang sitt til að hann gæti sótt dótið sitt. Ákærði gaf aftur skýrslu hjá lögreglu 24. janúar 2023 og lýsti atvikum með sambærilegum hætti.

Við skoðun á upptökum úr eftirlitsmyndavélum við B í [...] mátti sjá hvar dökkri bifreið var ekið inn á stæðið og lagt utan sjónsviðs myndavélanna kl. 22:18 að kvöldi 1. janúar 2023. Klukkan 23:22 var hvítu sendibifreið ekið inn á stæðið og hún stöðvuð fyrir aftan bílinn. Ökumaður fór út og kom svo aftur í bílinn. Sendibifreiðinni var ekið á brott kl. 23:26. Klukkan 23:40 kom hvítu sendibíllinn aftur og var aftur stöðvaður fyrir aftan bílinn. Ökumaður fór ekki út. Bifreiðinni var ekið aftur á brott á sömu mínútu. Klukkan 00:27 var dökku bifreiðinni ekið á brott og sást þá númer bifreiðarinnar sem er bílnúmer brotaþola.

Vettvangur hjá B var skoðaður eftir skýrslugjöf brotaþola aðfaranótt 2. janúar. Ekki sáust ummerki á vettvangi en líklega hafði snjóað síðan bifreiðin var á staðnum. Þá sáust ekki ummerki um ælu í kringum farþegasæti bifreiðarinnar en í falsi á bílstjórahurð mátti greina merki um ælu. Þegar bifreiðin var aftur rannsökuð í dagsbirtu kom í ljós

töluverður vökvi með matarleifum í hólfi á milli framsæta og á hlíf við handbremsu. Svipaði þessu mjög til ælu og lyktaði þannig.

Í skýrslu neyðarmóttöku vegna komu brotþola er greint frá því að brotþoli hafi lýst því að hafa hitt ákærða á Tinder og hann hafi komið heim til hennar og gist hjá henni. Þau hafi farið út um kvöldið og reykt kannabis í bifreið hennar hjá B. Henni hefði liðið illa, eins og hún væri að deyja, og farið að detta út. Hún hefði viljað komast heim aftur en ákærði hefði þá tekið buxur sínar niður fyrir hné, gripið um höfuð hennar og ýtt því niður á sig. Hann hefði látið hana totta sig og hún hefði kúgast og kastað upp. Hann hefði áfram ýtt henni fast niður á sig. Síðan hefði hann sagt henni að opna dyrnar, velt henni á hliðina og tekið hana aftan frá. Hún hefði dottið út aftur og aftur og myndi ekki hvort hún hefði opnað dyrnar eða hvernig það hefði gerst, en myndi að ákærði hefði öskrað ítrekað að hann hefði ekki gert neitt. Hún hefði rankað við sér og heyrt hann hringja í vin sinn og biðja hann að sækja sig. Hún hefði svo rankað við sér ein í bílnum og ekið heim. Þegar þangað kom hefði hún séð að ákærði hafði sótt dótið sitt. Fram kemur að æla hafi verið í peysu hennar.

Þá kemur fram að brotþoli hafi verið í miklu uppnámi, reið og leið. Við skoðun hafi verið marblettir á ofanverðum lærum, bæði innan og utan. Auk þess hafi einn marblettur verið sinn hvorum megin neðarlega ofan hnés og einn utanvert á legg. Um sé að ræða merki um fast tak með hendi. Brotþoli hafi verið með sogbletti á hálsi beggja vegna og greint frá því að þeir væru frá kvöldinu áður. Jafnframt hafi verið litlar sprungur fremst í spöng en óvíst sé hvort þær séu frá þessu kvöldi eða nóttinni áður.

Blóðsýni úr brotþola voru send í rannsókn. Samkvæmt matsgerð Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði, dags. 26. janúar 2023, mældust 1,5 ng/ml af tetrahydrókannabinóli í blóði brotþola en alkóhól var ekki í mælanlegu magni.

Gerð var réttarlæknisfræðileg skoðun á ákærða að kvöldi 2. janúar 2023. Samkvæmt vottorði G, læknis á héraðsvakt, dags. 4. janúar 2023, var ákærði ósáttur en samvinnuþýður. Hann hafi verið búinn að þvo sér. Ekki hafi verið neitt athugavert að sjá, ekki neindir áverkar eða líkamsvessar sem bentu til nýlegra átaka.

Í vottorði H sálfræðings, dags. 29. mars 2023, kemur fram að brotþola hafi verið vísað í sálfræðilegt mat og áfallahjálpi hjá sálfræðiþjónustu Neyðarmóttökunnar í kjölfar meints kynferðisbrots, sem hafi átt sér stað 1. janúar 2023. Brotþoli hafi mætt sex sinnum í viðtöl á tímabilinu 5. janúar 2023 til 20. mars 2023 þar sem henni hafi verið veittur sálrænn stuðningur, gert greiningarmat og meðferð sé nýhafin. Niðurstöður endurtekens greiningarmats sýni að brotþoli þjáist af áfallastreitu- röskun í kjölfar meints kynferðisbrots. Sálræn einkenni hennar í kjölfar áfallsins samsvari einkennum sem þekkt séu hjá fólki sem hafi upplifað alvarleg áföll eins og líkamsárás, nauðgun, stórslys eða hamfarir. Niðurstöður sjálfsmatskvarða hafi samsvarað vel frásögnum hennar í viðtölum. Hún hafi ávallt virst vera hreinskilin, trúverðug og samkvæm sjálfri

sér. Formleg meðferð við áfallastreituröskun og öðrum afleiðingum meints kynferðisbrots sé nýhafin. Ekki sé hægt að segja til um hversu langan tíma meðferðin taki eða hvort bati náist en ljóst þyki að atburðurinn hafi haft víðtæk áhrif á líðan brotþola. Brotþoli sé enn í þjónustu hjá sálfræðingnum.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

Ákærði kvaðst hafa kynnst brotþola á Tinder í desember sl. Hann væri frá Miami í Flórída en hefði upphaflega komið hingað til lands í nóvember til að spila [...] og farið af landinu yfir jólin. Brotþoli hefði sótt hann á flugvöllinn á gamlárstag og verið með börnin sín tvö með sér. Þau hefðu horft saman á flugelda um kvöldið. Hann hefði gisti í gestaherbergi hjá henni en um hálf tíma eftir að hann fór þangað inn hefði brotþoli komið inn í herbergið og átt frumkvæði að kynlífi á milli þeirra. Hann hefði vaknað á hádegi daginn eftir. Þau hefðu rætt um að útvega sér kannabis og farið saman að sækja það. Hann hefði svo útbúið „jónur“ fyrir þau. Um kvöldið hefðu þau farið út til að reykja. Hún hefði viljað ganga í kringum húsið en hann hefði viljað fara annað. Hún hefði þá ekið á stað sem hún hefði sagst vanalega fara á. Þar hefðu þau hlustað á tónlist meðan þau reyktu og rætt saman, m.a. um börnin hennar. Hún hefði verið með fulla meðvitund og í eðlilegu ástandi. Þau hefðu ekki verið undir miklum áhrifum. Hún hefði verið í bílstjórasætinu en hann í farþegasætinu. Þau hefðu síðan kysst í nokkrar mínútur en að því loknu hefði hún farið í klofið á honum og tekið niður um hann buxurnar. Hún hefði tekið getnaðarliminn á honum út og sogið hann. Síðan hefði hún þurrkað sér um munninn og farið úr jógabuxunum sem hún hefði verið í. Því næst hefði hún sett rassinn að honum, en hann hefði sagt henni að bíða meðan hann sótti smokk. Hann kannaðist ekki við að brotþoli hefði kastað upp meðan á samförunum hefði staðið en hún hefði opnað bíldyrnar eftir á, eins og hún hefði ætlað að kasta upp. Hann hefði ekki séð ælu á fötum hennar og áverkar á henni væru ekki af hans völdum.

Eftir þetta hefði hann sagst vilja fara heim að borða og sagt að hann færi daginn eftir. Brotþoli hefði þá sagt að hún elskaði hann og vildi ekki að hann færi þar sem hann væri sá eini rétti. Hún hefði klikkast og orðið eins og andsetin, farið að aka sér til og gnísta tönnum. Hún hefði grátið og sagt að hún og börnin þyrftu á honum að halda. Hann hefði þá orðið fráhverfur henni og ekki viljað að hún snerti sig. Hann hefði spurt hana hvort hann hefði gert henni eitthvað en hún hefði neitað því. Hann hefði þá hringt í D, félag sinn sem hann hefði kynnst í [...] hér á landi, og fengið hann til að sækja sig. Hann hefði sagt honum að brotþoli væri að ganga af vitinu en alls ekkert um að hann héldi að hann hefði gert henni neitt. Hann hefði deilt staðsetningu sinni í símanum til að félagi hans fyndi hann og hann hefði komið eftir 15–20 mínútur. D hefði komið út úr bílnum að hans beiðni, en hann hefði ekki rætt neitt við brotþola. Sú hugmynd hefði komið upp að hringja á lögreglu en brotþoli hefði afþakkað það. Brotþoli hefði skrifað

heimilisfangið sitt í símann hans til þess að hann kæmist heim til hennar að sækja dótið sitt. Hann hefði skilað húslyklinum hennar aftur til hennar. Hann kvaðst ekki vita hvers vegna hún hefði enn verið í bílnum þegar hann kom aftur en hún hefði þá verið alveg eðlileg og með fulla meðvitund. Eftir það hefði hann fundið laust hótélherbergi, skráð sig þar inn, farið í sturtu og sofið. Hann hefði upphaflega ætlað að vera degi lengur hjá brotáþola.

Daginn eftir hefði hann keypt flugmiða til Bandaríkjanna vegna þess að amma hans hefði verið veik og verið komin á líknardeild. Hann hefði alls ekki verið að flýja neitt. Hann hefði áður ætlað sér að vera hér á landi í 9–10 daga og fara út á land með F vinkonu sinni. Hún hefði sótt hann og þau hefðu fyrst farið heim til hennar en svo lagt af stað á flugvöllinn. Hann hefði þó ekki farið af landinu þar sem hann hefði fengið tölvupóst frá lögreglunni og símtal frá D. Hann hefði farið á lögreglustöð þar sem hann hefði verið tekinn tókum af fjórum lögreglumönnum. Hann hefði verið tekinn kyrkingartaki þannig að hann hefði ekki getað andað. Eftir þetta hefði hann ekki átt nein samskipti við brotáþola. Hann hefði strax „blokkað“ hana því hann hefði ekki laðast að hanni og ekki viljað tengjast þeirri hegðun sem hún hefði sýnt af sér. Ákærði kvað ömmu sína hafa látist þann 24. febrúar sl. Hann hefði vitað að hann væri í farbanni en viljað vera í jarðarförinni hennar og því farið í sendiráðið og fengið neyðarvegabréf. Hann hefði sagt ósatt um að hann hefði tapað vegabréfinu en satt um það að hann þyrfti að komast í jarðarför.

Brotáþoli A kvaðst hafa kynnst ákærða á Tinder. Þau hefðu rætt saman í tvo til þrjú daga áður en þau hefðu fært sig yfir á WhatsApp. Þau hefðu átt samskipti þar í sex til átta daga áður en hann hefði sagst vera á leiðinni til landsins, en hann hefði verið hér áður að spila [...]. Hann hefði þó fyrst ætlað að fara til Póllands. Eftir kvöldmat á gamlárskvöld hefði hún sótt hann á flugvöllinn og börnin hennar hefðu verið meðferðis. Þau hefðu svo öll horft saman á flugeldana. Sér hefði litist vel á ákærða og hann hefði verið yndislegur við börnin hennar. Þau hefðu ákveðið að fara út að skemmta sér og farið saman á skemmtistað. Ákærði hefði drukkið áfengi en hún einungis fengið sér örlítið þar sem hún hefði verið akandi. Eftir heimkomuna hefðu þau haft kynmök. Sér hefði fundist hann harkalegur en hann hefði virt mörk hennar. Daginn eftir hefði hún vaknað snemma þar sem börnin voru heima, en ákærði hefði sofið til hádegis. Ákærði hefði síðan spurt hana hvort hún reykti kannabis en hún hefði sagt honum í netsamskiptum þeirra að hún gerði það ekki. Á endanum hefði hann notað símann hennar til að senda sölumanni skilaboð og hún hefði farið með honum að sækja efnið. Á heimleiðinni hefðu þau keypt mat.

Ákærði hefði ekki viljað borða strax heldur reykja og hefði undirbúið efnið heima hjá henni. Hún hefði ekki viljað að þau reyktu þetta á heimilinu þar sem börnin væru þar svo hún hefði stungið upp á því að þau færu á bak við hús. Hún hefði verið illa klædd og

kalt úti svo hún hefði lagt til að þau færu inn í bílinn hennar. Þar sem hún hefði óttast að fólk gengi framhjá og sæi þau hefði hún síðan stungið upp á því að þau færu niður á bensínstöð N1, en þar myndu þau ekki sjást. Þau hefðu setið þar og reykt og hún hefði dregið að sér reykin eins og ákærði því hún hefði viljað sýnast „cool“. Skömmu síðar hefði henni farið að líða illa. Hún hefði fengið hraðan hjartslátt, höfuðið hefði verið að springa og hún hefði farið að sjá liti. Ákærði hefði horft á hana glottandi með sætið aftur. Hann hefði viljað að hún reykti meira og hún hefði tekið pínulítið því hún hefði viljað gera eins og hann sagði. Hún myndi í brotum það sem gerst hefði næst. Vanlíðanin hefði aukist og hún hefði orðið hrædd og hugsað um börnin sín. Hún hefði sagt ákærða að hún vildi fara heim til barnanna en hann hefði ekki svarað. Hún hefði margendurtekið þetta en ekki fengin nein viðbrögð og ekki skilið hvað væri að gerast. Hún hefði misst meðvitund og vaknað aftur við að ákærði hefði verið að kyssa hana og sleikja um allt andlit. Síðan hefði hún aftur dottið út og myndi næst að ákærði hefði sett höfuð hennar á getnaðarliminn á sér og þá verið búinn að færa buxurnar sínar niður um sig. Hún hefði reynt að komast upp en hann hefði ýtt höfðinu á henni aftur niður. Hún hefði sagt „no more“ en hann hefði alltaf ýtt henni aftur niður. Þetta hefði verið harkalegt og hún hefði fundið fyrir þrýstingi og verkjum en ákærði ekki gefið henni neitt hlé. Það hefði farið þannig að hún hefði kastað upp á hann. Hún hefði haldið að hann myndi hætta við það en það hefði hann ekki gert. Hann hefði virst æsast við þetta og sagt „take this daddy’s dick“. Þetta hefði virst endalaust þrátt fyrir að hún hefði beðið hann að stoppa. Eftir þetta hefði hún misst meðvitund á ný og myndi næst eftir því að snúa á hlið með leggingsbuxurnar niðri. Ákærði hefði sagt henni að opna dyrnar og höfuðið á henni hefði hangið út fyrir. Hann hefði sett getnaðarliminn í leggöng hennar og haft við hana harkalegar samfarir. Meðan á þeim stóð hefði hún kastað upp oft en einu sinni og hún hefði horft á æluna í snjónum. Að þessu loknu hefði hún rankað við sér með leggingsbuxurnar enn þá niðri. Hún hefði togað þær upp. Buxur ákærða hefðu enn þá verið niðri um hann og limur hans harður. Hún hefði þá séð að hann hefði notað smokk en vissi ekki hvort hann hefði fengið sáðlát. Hún hefði áfram dottið út og inn. Ákærði hefði spurt hana hvort væri í lagi með hana og hún hefði beðið hann að fara með sig heim til barnanna. Það næsta sem hún myndi væri að ákærði hefði verið í símanum og verið eins og hann væri að „fríka út“. Hún hefði heyrt hann vera að tala við vin sinn, D, og segja honum að koma og sækja sig. Hún hefði síðan heyrt hann segja „I think I killed her“. Hún hefði svo dottið út aftur. Hún myndi eftir að heyra ákærða nánast öskra á hana að hann hefði ekkert gert henni. Sér hefði enn liðið illa og hún hefði alls ekki gert sér grein fyrir því að þetta gæti gerst vegna kannabis. Brotapoli mat það svo að vímuástand hennar hefði verið 8–10 á kvarðanum 1–10 en um 6–7 þegar munnmökkin hefðu átt sér stað. Hún kvaðst ekki muna eftir því að hafa skrifað heimilisfang sitt niður eða að ákærði hefði tekið húslykla hennar, en hún myndi eftir því að ákærði hefði opnað dyrnar, skellt

lyklunum í sætið og lokað aftur. Hún hefði séð bílljós í speglinum og heyrt bílinn aka burt. Hún hefði svo dottið út aftur og vaknað við að það var dimmt og kalt og ákærði ekki á staðnum. Hún hefði þá náð að setja bílinn í gang og aka heim.

Þegar hún hefði komið að húsinu hefði sonur hennar hringt og hún sagt honum að hún væri að koma. Drengurinn hefði strax spurt hana hvað hefði gerst þegar hann sá hana. Hún hefði farið beint upp í rúmið hans þar sem hún hefði ekki komist lengra. Sonur hennar hefði viljað að hún hringdi á lögregluna og hún hefði gert það. Hún hefði verið blaut að neðan, með verki í maga og varla getað talað. Lögreglan hefði kallað á sjúkrabíl og hún hefði verið studd í bílinn. Leigjandi hennar hefði verið hrædd og læst sig inni. Brotapoli hefði reynt að senda skilaboð á ákærða og sagt „what did you do to me?“ og síðan „you raped me“ en ákærði hefði engu svarað og verið búinn að „blokka“ hana. Ákærði hefði ætlað að vera hjá henni þangað til næsta dag og hún hefði verið búin að bjóða honum að vera lengur en hann hefði afþakkað. Brotapoli kvaðst hafa verið með þó nokkra áverka og verki eftir atburðinn en ekki vita alveg af hvers völdum. Brotapoli lýsti vanlíðan síðan atvikið átti sér stað og miklum svefnerfiðleikum. Hún hefði gengið til sálfræðings og gerði enn. Þá væri hún hrædd við ákærða en hún hefði séð hann keyra í námunda við heimili hennar ásamt konu.

Vitnið D kvaðst hafa kynnst ákærða er þeir hefðu spilað [...] með E. Honum hefði verið falið að vera ákærða innan handar og gefa honum ráð til að koma sér fyrir á landinu. Umrætt kvöld hefði ákærði hringt í hann og beðið hann að sækja sig í [...]. Ákærði hefði sagst vera á bílastæði við B hjá [...] og stelpan sem hann væri með væri eitthvað skritin. Ákærði hefði virst vera æstur og sagt að sér liði ekki vel nálægt henni. Hann hefði lýst því að brotapolí hefði viljað hreppa hann og sagt að hún og börnin hennar elskuðu hann og hann mætti ekki fara. Ákærði hefði deilt staðsetningu sinni með honum og hann hefði farið og sótt hann. Hann hefði komið að heiman og gæti hafa verið um 10 mínútur á leiðinni. Hann hefði þurft að leita að ákærða á bílastæðinu en það hefði verið dimmt og stæðið ekki vel upplýst. Hann hefði farið út úr bílnum og staðið við afturdyrnar farþegamegin á bíl brotapola og séð hana þaðan þar sem hún hefði setið í bílstjórasætinu. Hún hefði virst vera ekki með sjálfri sér og verið með ælu yfir sér. Augu hennar hefðu verið opin og hún hefði muldrað eitthvað en ekki getað svarað spurningum. Hún hefði þó kinkað kolla þegar hann hefði spurt hvort hún væri vakandi og hvort allt væri í lagi. Hann hefði spurt ákærða hvað væri í gangi og fengið þau svör að brotapolí hefði „koxað yfir sig“ á kannabisi. Rætt hefði verið um að kalla eftir aðstoð en ákærði hefði sagt að brotapolí vildi það ekki. Vitnið hefði ekki þekkt þessa konu og ekki viljað skipta sér of mikið af og því farið með ákærða.

Ákærði hefði sagt að hann vildi ekki vera lengur með brotapola heldur fara á hótél. Hann hefði virst vera stressaður og vitnið minnti að hann hefði verið með ælu á úlpuerminni. Þeir hefðu fyrst farið í íbúð brotapola og sótt þar farangur ákærða og síðan

skilað lykklunum til brotapolu. Hann hefði séð inn í bíl brotapolu þegar dyrnar hefðu opnast og ljós kviknað. Brotapoli hefði virst vera í svipuðu ástandi og jafnvel hálfsofnuð. Á leiðinni hefðu þeir ákærði komið við í verslun til að kaupa drykk og ákærði hefði pantað sér gistingu á hóteli, sem hann hefði síðan keyrt hann á. Daginn eftir hefði lögreglan haft samband við hann og verið að leita að ákærða. Hann hefði þá reynt að hringja í ákærða og að lokum náð í hann. Ákærði hefði verið stressaður en sér hefði ekki fundist það óeðlilegt miðað við aðstæður. Ákærði hefði sent honum skilaboð og beðið hann að tala ekki við lögregluna en hann hefði einungis rætt einu sinni við ákærða eftir þetta, þegar ákærði hefði hringt og spurt hvað hann hefði sagt við lögreglu. Vitnið staðfesti að hafa sagt það sem haft var eftir honum í lögregluskýrslu og kvaðst hafa munað atvik betur þá. Hann kannaðist ekki við að ákærði hefði sagt að hann héldi að hann hefði drepið brotapolu. Hann staðfesti að rétt væri eftir sér haft að ákærði hefði verið að „fríka út“ og viljað komast burt. Þá hefði ákærði sagt að hann hefði ekki gert neitt, sem vitninu hefði fundist grunsamlegt.

Vitnið F kvaðst hafa kynnst ákærða á Tinder og hafa verið að hitta hann í um tvo mánuði er hann hefði farið heim til sín yfir jólin. Hann hefði ætlað að koma aftur og vera með henni í níu daga. Hún hefði boðist til að sækja hann en hann hefði afþakkað þar sem hann væri kominn með far og ætlaði að dvelja hjá liðsfélaga sínum til að byrja með. Hún hefði átt von á því að hann kæmi til landsins 1. janúar og hún myndi hitta hann daginn eftir. Þau hefðu ætlað að vera fyrst heima hjá henni og síðan fara í sumarbústað með vinafólki. Að morgni 2. janúar hefði ákærði haft samband við hana og beðið hana að sækja sig á hótél. Þegar hún hefði komið hefði ákærði verið í uppnámi og sagt henni að hann hefði fengið símtal frá [...] sínum sem hefði sagt eitthvað í gangi. Hann hefði viljað að hún færi með sig upp á flugvöll og greint frá því að hann hefði lent í útistöðum við einhvern. Henni hefði fundist það ótrúverðugt enda hefði síðan komið í ljós að hann hefði ekki greint henni rétt frá þar sem annar kvenmaður hefði komið við sögu. Þau hefðu fyrst farið heim til hennar og hún hefði reynt að sannfæra hann um að vera áfram. Hann hefði samt viljað fara og hún hefði lagt af stað með hann upp á flugvöll. Þegar þau hefðu verið í Hafnarfirði að taka bensín hefði ákærði fengið skilaboð um að hafa samband við lögregluna. Komið hefði í ljós að búið væri að leggja fram kæru á hendur honum. Ákærði hefði spurt aftur og aftur fyrir hvað hann hefði verið kærður en hann hefði ekki vitað það. Hann hefði fengið áfall og strax viljað fara og hreinsa nafn sitt. Eftir að hann hefði fengið að vita hvert sakarefnið væri hefði hann sagt henni hvað hefði gerst. Þá hefði hann sagt henni að hann hefði komið fyrr til landsins. Hann hefði farið á bak við hana og hitt brotapolu heima hjá henni. Hann hefði sagt allt hafa verið í góðu þeirra á milli og þau hefðu sofið saman kvöldinu áður að hennar frumkvæði. Daginn eftir hefðu þau keypt mat saman og eldað og síðan ætlað út að reykja. Þau hefðu ekið burt og hann ekki vitað hvert þau væru að fara. Brotapoli hefði ekið á bensínstöð þar sem þau hefðu reykt og hún síðan

haft frumkvæði að munnmökum. Eftir það hefði hún klætt sig úr og sett rassinn á milli sætanna. Hann hefði þá sett á sig smokk og hún hvatt hann áfram og sagst elska hann. Eftir þetta hefðu þau setið og spjallað í bílnum en brotapolí hefði skyndilega opnað bílhurðina og kastað upp. Síðan hefði hún farið að hegða sér undarlega, beðið hann að fara ekki og sagt að hún og börnin hennar þyrftu á honum að halda. Hegðun hennar hefði orðið skrítnari og skrítnari. Ákærði hefði sagt að hann hefði orðið stressaður við þetta og ekki liðið vel í þessum aðstæðum. Hann hefði þá hringt í D félagi sinn og beðið hann að sækja sig. Hann hefði spurt brotapóla fyrir framan D hvort hann hefði gert henni eitthvað og hún hefði neitað því. Hann hefði boðið henni far en hún hefði ekki viljað þiggja það. Hann hefði líka boðið henni að hringja á sjúkrahól eða lögreglu en hún hefði heldur ekki viljað það. Síðan hefði hún gefið honum heimilisfangið sitt og látið hann hafa húslyklana. Hann hefði þá farið heim til hennar og náð í dótið sitt en síðan farið aftur til hennar með lyklana. Vitnið kvaðst hafa komið við heima hjá sér en síðan ekið strax með ákærða á lögreglustöð. Hann hefði verið með bakpoka og svarta tösku meðferðis sem hún hefði afhent lögreglu. Vitnið kvað ákærða hafa talað um að amma hans væri veik og hann hefði minnst á að hann þyrfti að fara heim til fjölskyldunnar. Hún hefði þó ekki haldið að um bráðatilvik væri að ræða. Vitnið kvaðst hafa verið áfram í sambandi við ákærða þar til hann hefði farið í gæsluvarðhald. Hún kvaðst hafa ekið með ákærða á bensínstöðina þar sem atvikið átti sér stað þar sem ákærði hefði viljað gá að myndavélum, en neitaði því að þau hefðu farið að heimili brotapóla.

Vitnið I flutti til brotapóla þann 1. janúar sl. Hún kvaðst hafa mætt í húsnaðið seinni hluta dags. Brotapóli hefði tekið á móti henni og sýnt henni íbúðina. Hún hefði verið ein þar með börnin sín tvö og vitnið hefði ekki séð neinn karlmann þar. Vitnið kvaðst hafa komið sér fyrir í herbergi sínu og farið í sturtu. Hún hefði einungis orðið vör við eðlileg hljóð í börnum að leika sér. Hún hefði svo farið að sofa en vaknað við að lögregla bankaði upp á. Daginn eftir hefði hún farið til vinnu og fengið skilaboð frá brotapóla þar sem hún hefði greint frá því sem hefði átt sér stað og beðið hana afsökunar á látunum. Vitnið kvaðst enn þá búa hjá brotapóla.

Vitnið J leigði herbergi hjá brotapóla í um tvo mánuði og flutti út á nýársdag. Hún kvaðst hafa verið með vinum sínum á gamlárskvöld. Hún hefði áður gætt barna brotapóla og kvaðst í upphafi hafa gert það þetta kvöld en leiðrétti síðan framburð sinn og sagðist ekki hafa verið heima það kvöld. Hún hefði komið heim daginn eftir til að sækja dótið sitt og þá flutt út. Hún hefði þá séð ákærða í íbúðinni. Brotapóli hefði síðan greint henni frá því að ákærði hefði nauðgað sér í bílnum hennar.

Vitnið K, læknir á neyðarmóttöku, kvað brotapóla hafa verið í miklu uppnámi þegar hann hefði hitt hana en frásögn hennar hefði þó verið tiltölulega skýr. Lögreglan hefði þá verið búin að ræða við hana svo hann hefði ekki tekið ítarlega sögu heldur einungis spurt um það sem hann hefði þurft að vita. Hún hefði sagt frá því að hafa kynnst

ákærða á netinu og sótt hann á flugvöllinn. Þau hefðu farið heim til hennar og haft kynmök með samþykki. Daginn eftir hefði hann viljað fá kannabis og hefði búið til vöndul til að reykja. Henni hefði liðið illa af efninu og fundist hún detta út og líða eins og hún væri að deyja. Hann hefði ekki getað merkt hvort hún væri undir áhrifum en hún hefði verið í uppnámi og bæði leið og reið, auk þess sem hún hefði verið mjög þreytt. Hann hefði skoðað brotaþola stuttu eftir komu. Hjúkrunarfræðingur hefði tekið fatnað hennar og greint honum frá því að æla hefði verið í peysu hennar. Brotaþoli hefði jafnframt greint frá því að hafa kastað upp er hún hefði verið neydd til munnmaka. Brotaþoli hefði sagst taka lyfið [...], en hann teldi það geta aukið áhrif kannabisefnisins. Brotaþoli hefði verið með marbletti eins og lýst væri í skýrslu neyðarmóttöku. Þessir blettir bentu til þess að brotaþola hefði verið haldið, en þetta væri klassískt útlit eftir fingur. Það þyrfti þó ekki að benda til þess að um slagsmál hefði verið að ræða heldur gætu svona för myndast við kynlíf með samþykki. Þá hefði brotaþoli verið með sogbletti beggja vegna á hálsi sem hún hefði sagt að væru frá nóttinni áður. Sprungur hefðu verið á spöng en ekki væri víst frá hvoru kvöldinu þær væru. Hjúkrunarfræðingur hefði myndað áverkana aftur daginn eftir en brotaþolum væri boðið að koma aftur þar sem áverkar kæmu ekki alltaf strax fram.

Vitnið L, hjúkrunarfræðingur á neyðarmóttöku, kvaðst hafa komið þegar lögregla var að ljúka við að taka skýrslu af brotaþola. Hún hefði þá fengið að heyra hvað hefði gerst en ekki hefði verið farið nákvæmlega yfir söguna þar sem lögreglan hefði þegar verið búin að því. Brotaþoli hefði greint frá því að hafa kynnst manni í gegnum Tinder. Maðurinn hefði verið á leiðinni til landsins og beðið um að fá að gista hjá henni. Hún hefði fallist á það og þau hefðu sofið saman þá nótt með hennar samþykki. Daginn eftir hefði hann beðið hana að redda sér kannabisi. Um kvöldið hefðu þau ætlað út að reykja það en það hefði verið svo kalt að þau hefðu ákveðið að fara í bílinn og keyra að [...]. Brotaþoli hefði fundið á sér, liðið illa, orðið rugluð og dottið inn og út. Atburðarásin hefði verið óljós en ákærði hefði tekið í höfuð hennar og verið kominn með buxurnar niður og látið hana hafa við sig munnmök. Síðan hefði hann haft við hana samræði og bíldyrnar hefðu verið opnar þannig að höfuð hennar hefði verið að hálfu fyrir utan. Brotaþoli hefði lýst því að hafa verið í móki. Hún hefði heyrt í ákærða en ekki getað gert neitt. Hann hefði hringt í vin sinn og beðið hann að sækja sig og hún hefði heyrt hann segja að hann héldi að hún væri dauð. Hún hefði svo verið að detta út og inn og myndi bara eftir að hafa heyrt lykla detta í farþegasætið. Hún hefði svo rankað við sér og ekið heim. Brotaþoli hefði sagt skýrt frá en verið dofin og svipbrigðalaus. Hún hefði verið með ælu á fötunum og innanundirbolurinn hefði verið allur dreginn upp. Vitnið hefði hitt brotaþola aftur tveimur dögum síðar og fundist hún allt öðruvísi. Mögulega hefðu vímuáhrif eða áfallið haft áhrif á hana í fyrra skiptið. Brotaþoli hefði í upphafi talað um að hún tryði því ekki að þetta hefði gerst en í síðara skiptið hefði hún verið reið yfir því

að þetta hefði farið svona. Vitnið hefði tekið nýjar ljósmyndir af áverkunum við endurkomuna.

Vitnið G, læknir á héraðsvakt, staðfesti vottorð sitt vegna skoðunar á ákærða. Mjög lítið hefði verið að finna, einungis tvö gömul ör sem væru a.m.k. árs gömul. Ákærði hefði gefið trúverðugar skýringar á tilkomu þeirra. Enga ferska áverka hefði verið að finna. Ákærði hefði verið kurteis og samvinnuþýður en ósáttur vegna málsins.

Vitnið M, sérfræðingur hjá tæknideild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, staðfesti skýrslur sínar í málinu. Hann hefði fengið gögn frá neyðarmóttöku til rannsóknar en um hefði verið að ræða fjóra sýnapoka með pinnum frá kynfærasvæði og munni. Engar sáðfrumur hefðu fundist. Hann sagði ekki hægt að greina DNA í ælu sem hefði fundist á fatnaði þar sem magasýrur eyðilegðu það.

Lögreglumaður nr. O sagði frá komu sinni á heimili brotþola umrædda nótt. Tilkynning hefði borist um hugsanlega nauðgun og þegar komið hefði verið á staðinn hefðu tvö börn, þriggja og tíu ára, tekið á móti þeim og vísað þeim í herbergi þar sem brotþoli hefði legið stjörf á rúmi. Peysan hennar hefði verið upp um hana og maginn ber. Hún hefði virst vera þurr í munni. Hún hefði greint frá því að hafa kynnst ákærða á stefnumótaforriti og sagt frá því að hann væri 28 eða 29 ára og spilaði [...]. Hann hefði fengið að búa hjá henni og þau hefðu farið saman út að reykja í bifreiðinni hennar þar sem hann hefði nauðgað henni. Hún hefði lýst því að hún hefði dottið út og síðan öskrað og grátið. Hann hefði neytt hana til munnmaka og hún hefði ælt yfir hann. Hann hefði jafnframt nauðgað henni „sideways“ þannig að höfuð hennar hefði legið út. Hún hefði verið við það að missa meðvitund en munað eftir því að ákærði hefði hringt í félag sinn sem hét C eða D. Brotþoli hefði síðan séð bílljós og ákærði farið burt. Hún hefði sofnað eftir það og keyrt heim þegar hún vaknaði. Kallað hefði verið eftir sjúkrabíl fyrir brotþola. Hún hefði legið frekar sljó og stjörf í rúminu en gengið sjálf út í sjúkrabílinn.

Lögreglumaður nr. P greindi frá komu sinni á heimili brotþola, ásamt lögreglumanni nr. O, eftir útkall vegna hugsanlegrar nauðgunar. Börn í geðshræringu hefðu tekið á móti þeim og litla stúlkan hefði verið grátandi. Brotþoli hefði legið inni í rúmi en hann hefði farið með börnin fram og hugsað um þau á meðan lögreglumaður nr. O hefði rætt við brotþola. Hann hefði rætt við leigutaka í íbúðinni með aðstoð Google Translate. Kallað hefði verið eftir sjúkrabíl fyrir brotþola. Hún hefði virst vera í áfalli og aftengd og haft áhyggjur af börnunum sínum.

Lögreglumaður nr. Q kvaðst hafa fengið tilkynningu um nauðgun um hálf tvö um nótt og farið á neyðarmóttöku og hitt brotþola. Hann hefði rætt við hana í aðstandendaherbergi og tekið skýrslu með búkmyndavél. Brotþoli hefði lýst því sem hefði gerst og sýnt honum rifin nærföt. Þá hefði hún sýnt honum mynd af ákærða og gefið honum símanúmer hans. Hún hefði verið í miklu uppnámi en viðræðugóð. Hann hefði leitað að ákærða sem hefði ekki svarað símtölum. Brotþoli hefði sagt frá íþróttaliði

hans og nafni félaga hans, D. Vitnið hefði „gúglað“ þær upplýsingar og fundið D. Haft hefði verið samband við hann auk formanns íþróttafélagsins. D hefði strax kannast við að hafa sótt ákærða en hann hefði ekki vitað hvar hann væri. Hann hefði talið að ákærði væri á hótél [...] en ákærði hefði verið farinn þaðan. Síðan hefði F, vinkona ákærða, haft samband og sagst vera með ákærða, sem væri tilbúinn að koma til skýrslutöku. Vitnið greindi frá því að hann hefði, þessa sömu nótt, farið á bensínstöð B við [...] en búið hefði verið að snjóa og hvorki sést bílför né æla. Hann hefði einnig skoðað bifreið brotaþola um nóttina og aftur daginn eftir í dagsbirtu. Þá hefði hann skoðað farangur ákærða. Mestallt hefði verið tandurhreint og engir blettir hefðu sést á neinu og hann hefði ekki talið ástæðu til að senda fötin til frekari rannsóknar. Þá hefði hann rannsakað síma ákærða og brotaþola. Samskipti á milli þeirra hefðu verið í samræmi við framburð brotaþola. Þá hefði þar verið að finna upplýsingar um kaup ákærða á flugmiðum.

Lögreglu maður nr. R greindi frá aðkomu sinni að málinu. Hann hefði leitað að ákærða á hótelinu og aðstoðað við skýrslutöku. Þá hefði hann haft samband við bensínstöðina og óskað eftir myndefni, en hann hefði þó ekki skoðað það efni. Vitnið staðfesti skýrslu um handtöku ákærða en hann hefði verið viðstaddur og beðið um að fleiri lögreglumenn kæmu að. Samstarfsmaður hans hefði rætt við ákærða og honum hefði fundist sem stefndi í handalögmál þar sem ákærði hefði verið æstur og ekki hefði gengið að tala við hann. Hann hefði verið viðstaddur skýrslutöku af vitni skömmu síðar, en hann hefði þó ekki stýrt þeirri skýrslutöku.

Vitnið T, [...] Rannsóknastofu í lyfja- og eitrefnafræði, staðfesti matsgerð vegna rannsóknar á blóði úr brotaþola. Ekki hafi mælst etanól eða lyf en skimað hafi verið fyrir því. Hins vegar hafi mælst 1,5 ng/ml af tetrahydrokannabinóli í blóðinu. Þetta teljist vera lítið magn. Efnið greinist skemur í blóði en þvagi. Þegar kannabis sé reykt fari styrkur þess í blóði hratt upp og háum styrk sé náð hratt. Að sama skapi falli styrkurinn mjög hratt niður. Á hálf tíma hafi hann fallið mjög mikið og eftir eina og hálf klukkustund sé hann orðinn töluvert minni en síðan hægist á ferlinu. Til að mynda geti styrkurinn verið kominn í 150 ng/ml á nokkrum mínútum, kominn undir 9 ng/ml á klukkustund, undir 4 á nokkrum klukkustundum, og undir 1 ng/ml eftir 12 klukkustundir. Það sé alltaf að einhverju leyti einstaklingsbundið og háð styrk efnisins hver áhrifin séu. Hvort viðkomandi reyki að staðaldri eða ekki hafi áhrif þar sem menn myndi ákveðið þol. Fyrsta skipti sem efnisins sé neytt hafi meiri áhrif. Vitninu var ekki kunnugt um að neysla lyfsins [...] hefði áhrif í þessu sambandi. Kannabis hefði slævandi áhrif á miðtaugakerfið, samhæfingu, vitsmuni, viðbrögð og jafnvel minni. Ekki væri hægt að segja til um hve mikils efnis brotaþoli hefði neytt út frá mælingunni. Af rannsóknum á neyslu kannabis og akstri væri sýnt að 3 ng/ml jafngiltu um 0,5% af alkóhóli.

Vitnið U, [...] Rannsóknastofu í lyfja- og eitrefnafræði, staðfesti jafnframt vinnu sína við framangreinda matsgerð. Leitað hefði verið að etanóli, lyfjum, amfetamíni,

kókaíni og tetrahýdrókannabínóli. Í blóðinu hefðu fundist 1,5 ng/ml af tetrahýdrókannabínóli. Ef um akstur væri að ræða myndi þetta jafngilda um 0,2% af alkóhóli. Ætla mætti að viðkomandi fyndi einhver áhrif. Brotthvarfshraði tetrahýdrókannabínóls væri í tveimur fösum. Styrkurinn félli mjög hratt til að byrja með en svo hægðist á. Ekki væri hægt að reikna til baka til að finna út hve hár styrkurinn hefði orðið.

Vitnið V, sálfræðingur hjá áfallateymi Landspítalans, staðfesti vottorð sitt vegna brotaþola. Henni hefði verið vísað í sálfræðiþjónustu á neyðarmóttöku. Brotaþoli hefði mætt sex sinnum og væri enn í virkri meðferð. Brotaþoli hefði greint frá því að hafa farið með ákærða að reykja kannabis í bíl. Hún hefði fundið fyrir miklum áhrifum. Ákærði hefði neytt hana til munnmaka og samfara og hún hefði kastað upp meðan á þessu hefði staðið. Hún hefði verið hálfmeðvitundarlaus en heyrt ákærða hringja í einhvern og fara. Brotaþola hefði liðið mjög illa og upplifað að hún hefði verið bjargarlaus og í lífshættu. Hún hefði verið greind með áfallastreituröskun og hafi öll einkenni hennar. Brotaþoli hefði greint frá fyrri áföllum og skimað hefði verið fyrir áhrifum af þeim en þau hefðu ekki haft áhrif á þetta. Það að hafa áfallasögu gæti þó aukið líkur á vanda. Brotaþoli hefði grátið mikið, hún fengi kvíðaköst og forðaðist hluti, t.d. að keyra bílinn sinn og fara fram hjá bensínstöðinni þar sem atvikið hefði átt sér stað. Þá hefði hún átt við mikinn svefnvanda að stríða og gjarnan fengið áminningar um atvikið á nóttunni. Hún hefði sterk neikvæð viðhorf til karlmannna og væri sífellt hrædd. Þá hefði hún óttast að sjá ákærða en hann hefði einu sinni ekið fyrir utan húsið hennar. Brotaþoli þyrfti á meiri meðferð að halda en erfitt væri að segja til um framtíðarhorfur.

Niðurstaða

Ákærða er gefin að sök nauðgun í kyrrstæðri bifreið með því að hafa án samþykkis og með ofbeldi og ólögumætri nauðung haft samræði og önnur kynferðismök við brotaþola og hafa þvingaði hana til að hafa við sig munnmök með því að ýta höfði hennar ítrekað niður að getnaðarlim sínum og skeytt því engu þótt hún berðist á móti, segði honum að hætta og kastaði upp. Í kjölfarið hafi hann haft samfarir við hana með því að notfæra sér að hún var illa áttuð og gat ekki spornað við verknaðinum sökum áhrifa kannabisefna og skeytt því engu þótt hún héldi áfram að kasta upp.

Ákærði neitar sök. Hann kvað kynmökina við brotaþola í bifreiðinni hafa verið með hennar samþykki og raunar að hennar frumkvæði. Hann krefst sýknu þar sem ósannað sé að háttsemi hans hafi verið sú sem í ákæru greinir. Brotaþoli hefur hins vegar lýst því að hún hafi verið illa áttuð vegna neyslu kannabisefna og hafi misst meðvitund annað slagið. Ákærði hafi nýtt sér þetta ástand til að hafa við hana kynmök sem hún hafi ekki samþykkt. Þá hafi hún beðið hann að hætta en hann ekki virt það.

Ákærði og brotþoli kynntust á stefnumótaforritinu Tinder í desember 2022. Eftir stutt kynni í gegnum forritið kom í ljós að hann var að koma til landsins og þurfti á dvalarstað að halda í tvo daga. Brotþoli sótti hann á flugvöllinn og bauð honum að dvelja hjá sér. Um nóttina höfðu þau kynmök sem þeim ber saman um að hafi verið með samþykki beggja. Daginn eftir urðu þau sér úti um kannabisefni og um kvöldið fóru þau út úr íbúð brotþola til að reykja það. Kalt var í veðri og því fóru þau í bifreið brotþola og óku að nærliggjandi bensínstöð þar sem hægt var að leggja bifreiðinni á afviknum stað.

Brotþoli kveðst fljótt hafa fundið fyrir miklum áhrifum af kannabisefninu, en hún hafi aldrei neytt slíks efnis áður. Framburður hennar um það fær stoð í fyrirbyggjandi samskiptum sem hún átti við ákærða þar sem hún hafnar því að neyta þess. Brotþoli lýsir því að hún hafi ítrekað misst meðvitund og dottið út og inn. Þá hafi hún kastað upp á meðan ákærði hafi neytt hana til munnmaka og einnig hafi hún kastað upp út um dyrnar á bifreiðinni. Ákærði neitaði því alfarið fyrir dómi að brotþoli hefði ælt meðan á þessu stóð. Við rannsókn á bifreið brotþola fannst æla á milli sætanna og einnig í dyrafalsi. Æla fannst þó ekki á bílplaninu, en samkvæmt gögnum málsins og framburði lögreglumanns hafði snjóað mikið þegar lögregla kom á staðinn. Við komu lögreglumanna til brotþola var æla í peysu hennar og var það jafnframt skráð við komu hennar á neyðarmóttöku. Vitnið D kom til að sækja ákærða og sá brotþola inni í bifreiðinni. Hann lýsti ástandi hennar þannig að hún hefði verið með ælu yfir sér og ekki með sjálfri sér. Hún hefði verið með opin augu og muldrað en ekki getað svarað spurningum. Honum hefði þótt ástæða til að spyrja hvort hún þyrfti á aðstoð að halda. Þá liggur fyrir matsgerð Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði þar sem fram kemur að tetrahýdrókannabínól greindist í blóði brotþola.

Ákærða og brotþola greinir á um hvað gerðist í bifreiðinni eftir að þau reyktu kannabisefnið. Brotþoli lýsti því að hún hefði misst meðvitund en rankað við sér annað slagið við aðfarir ákærða. Hann hefði fyrst verið að kyssa hana og sleikja. Síðan hefði hann látið hana hafa við sig munnmök með því að ýta höfði hennar niður á getnaðarlim sinn og hún hefði kastað upp meðan á því stóð. Hún hefði reynt að biðja hann að stoppa en hann hefði ekki gert það. Hún hefði dottið út aftur og rankað við sér á hlið með leggingsbuxurnar niðri og ákærði hefði haft samfarir við hana um leggöng meðan höfuð hennar hefði verið út um dyrnar og hún hefði kastað upp meðan á því stóð. Ákærði lýsti því hins vegar að brotþoli hefði verið með fullri meðvitund og haft frumkvæði að kynlífinu. Hún hefði farið í klofið á honum og tekið niður um hann buxurnar, tekið getnaðarlim hans út og sogið hann. Hún hefði síðan farið sjálf úr buxunum og viljað hafa samfarir.

Ákærði hringdi í kunningja sinn og fékk hann til að sækja sig að þessu loknu. Hann hafði ætlað sér að gista hjá brotþola þessa nótt en segir sér hafa snúist hugur þar

sem hegðun brotaþola hafi breyst og sér hafi liðið illa nálægt henni. Hann fékk brotaþola til að skrifa heimilisfang sitt í símann hans til þess að hann gæti fundið íbúðina hennar, tók lykilinn hennar og fór og sótti dótið sitt. Að því loknu fór hann aftur með lykilinn til brotaþola og ók síðan á brott. Eftir það bókaði ákærði gistingu á hóteli og skutlaði kunningi hans honum þangað. Þar fór ákærði í sturtu og svaf, en morguninn eftir bókaði hann flug frá landinu samdægurs og hringdi í vinkonu sína sem sótti hann og ætlaði að keyra hann á flugvöllinn. Við rannsókn á síma ákærða kom í ljós að hann hafði ekki einungis skoðað flug til Bandaríkjanna á þessum degi heldur líka til Póllands. Þá átti hann bókað flug til Póllands frá Íslandi 9. janúar. Ákærði gaf þær skýringar á þessu að amma hans væri veik og hann hefði ætlað til fjölskyldunnar. Fyrir liggur þó að hann hafði ætlað sér að dvelja hjá vinkonu sinni í nokkra daga og fara með henni út á land. Ákærði gaf ekki þessar skýringar er hann var spurður hjá lögreglu. Bæði félagi ákærða og vinkona hans hafa lýst því að ákærði hafi verið í miklu uppnámi er þau komu til hans. Þá liggur fyrir að ákærði reyndi á ný að komast frá landinu 3. mars sl. og hefur setið í gæsluvarðhaldi síðan. Ákærði kvaðst hafa ætlað í jarðarför ömmu sinnar sem hefði látist skömmu áður.

Brotaþoli ók bifreið sinni heim til sín nær 50 mínútum eftir að ákærði hafði komið aftur með lyklana, svo sem sjá má á myndefni úr öryggismyndavélum bensínstöðvarinnar. Er heim kom hringdi hún í neyðarlínuna og liggur fyrir upptaka af því símtali. Er lögreglumenn komu á staðinn lá brotaþoli stjörf uppi í rúmi og ákváðu þeir að kalla til sjúkrabíl sem flutti brotaþola á neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisbrota. Samkvæmt skýrslum lögreglu og neyðarmóttöku var lýsing brotaþola á atvikum með sama hætti og lýst hefur verið hér að framan.

Ákærði og brotaþoli eru ein til frásagnar um það sem gerðist í bifreið brotaþola umrætt kvöld. Eins og að framan greinir lýsa þau atvikum eftir að þau reyktu kannabísefnið með mjög ólíkum hætti. Framburður brotaþola hefur verið stöðugur um alla atburði sem hún man frá þessu kvöldi. Ákærði hefur vísað til þess að framburður brotaþola um það hver gætti barna hennar sé í ósamræmi við framburð vitna og af þeim sökum verði að telja framburð hennar ótrúverðugan. Dómurinn hafnar því að þetta hafi áhrif á mat á trúverðugleika brotaþola; eðlilegar skýringar geta verið á því að brotaþoli greindi ekki rétt frá þessu og hafa þær ekki áhrif á þetta mál. Ákærði hefur að sama skapi verið stöðugur í framburði sínum um að kynmök hafi verið með vilja og að frumkvæði brotaþola.

Framburður brotaþola er í fullu samræmi við framburð vitna og gögn í málinu og er trúverðugur. Hegðun hennar eftir að ákærði fór frá henni, sem hefur verið staðfest með framburði vitna og gögnum, bendir sterklega til þess að hún hafi ekki verið samþykkt því sem gerðist. Þá þykir hegðun ákærða, sem vitni hafa lýst, benda sterklega til þess að eitthvað alvarlegt hafi komið upp á og hann hafi verið að flýja. Skýringar ákærða í þá

veru að brotþoli hafi komist í mikið uppnám við það að hann ætlaði að fara frá henni þykja fráleitir í ljósi þess sem á eftir kom. Þá hefur sálfræðingur greint frá því að brotþoli hafi verið greind með áfallastreituröskun og eru þau einkenni tengd við þetta atvik.

Samkvæmt matsgerð Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði sýna niðurstöður rannsóknar á blóðsýni brotþola að hún var undir áhrifum kannabisefna. Mældust 1,5 ng/ml af tetrahydrókannabínóli í blóði hennar, en það telst vera lítið magn. Samkvæmt framburði forstöðumanns og lyfjafræðings við rannsóknastofuna er ekki hægt að reikna út hve hár styrkurinn var fyrr um kvöldið. Þær greindu þó frá því að áhrifin kæmu mjög hratt fram eftir neyslu efnisins og brotthvarfshraði þess væri mikill til að byrja með en svo hægðist á honum. Þá væru áhrifin meiri hjá þeim sem ekki hefðu neytt efnisins áður. Samkvæmt þessu getur brotþoli hafa verið undir miklum áhrifum um kvöldið þótt lítið magn hafi fundist í blóði hennar um nóttina. Með hliðsjón af því og þeim gögnum og framburði vitna sem rakin voru hér að framan þykir ekki varhugavert að leggja til grundvallar að brotþoli hafi ekki, sökum áhrifa kannabisefna, getað spornað við samræðinu við ákærða. Þá gat þetta ástand hennar ekki dulist ákærða, en eins og fram hefur komið sá vitnið D, sem sótti ákærða, slæmt ástand brotþola og ælu á fatnaði hennar og spurði hvort kalla ætti eftir aðstoð. Þá fannst æla á tveimur stöðum í bifreiðinni sem samræmist framburði brotþola. Framburður ákærða um að brotþoli hafi ekki ælt og ástand hennar hafi verið eðlilegt og hún ekki undir miklum áhrifum er því ótrúverðugur.

Með hliðsjón af öllu framangreindu er sannað, gegn neitun ákærða, að hann hafi haft samræði og önnur kynferðismök við brotþola án hennar samþykkis, með ofbeldi og ólögumatri nauðung, og notfært sér að hún var illa áttuð og gat ekki spornað við verknaðinum sökum áhrifa kannabisefna, eins og nánar er lýst í ákæru. Verður ákærði því sakfelldur samkvæmt ákæru og hefur hann með háttsemi sinn gerst sekur um brot gegn 1. og 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dags. 9. mars 2023, hefur hann ekki áður gerst sekur um refsivert brot svo kunnugt sé. Við ákvörðun refsingar ákærða verður lítið til alvarleika háttsemi hans og þess að hann braut gróflega gegn kynfrelsi brotþola. Verður því lítið til 1., 2., 6., 7. og 8. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 til þyngingar refsingu, en ákærði þykir ekki eiga sér málsbætur. Með hliðsjón af framangreindu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í þrjú ár, en til frádráttar dæmdri refsingu kemur gæsluvarðhald ákærða frá 3. mars sl., sbr. 76. gr. sömu laga.

Af hálfu brotþola er gerð krafa um miskabætur að fjárhæð 4.000.000 króna, auk vaxta og dráttarvaxta. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir alvarlegt brot gagnvart brotþola sem er til þess fallið að valda miska. Hefur hann með háttsemi sinni bakað sér

bótaábyrgð á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 gagnvart brotþola. Af vottorði og framburði sálfræðings fyrir dómi verður ráðið að afleiðingar brotsins voru alvarlegar og er hún enn að glíma við þær. Þykir fjárhæð miskabóta hæfilega ákveðin 2.000.000 króna, auk vaxta og dráttarvaxta, eins og í dómsorði greinir.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Jónssonar lögmanns, 4.851.252 krónur, þóknun verjenda á rannsóknarstigi, Arnars Kormáks Friðrikssonar lögmanns, 1.227.879 krónur, og Sveins Andra Sveinssonar lögmanns, 1.303.209 krónur, og þóknun réttargæslumanns brotþola, Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmanns, 1.325.808 krónur. Við ákvörðun þóknunar lögmannna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Þá greiði ákærði 524.569 krónur í annan sakarkostnað.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Sonja H. Berndsen aðstoðarsaksóknari.

Barbara Björnsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, Demetrius Allen, sæti fangelsi í þrjú ár. Gæsluvarðhald ákærða frá 3. mars 2023 kemur til frádráttar refsingu.

Ákærði greiði A 2.000.000 króna, ásamt vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 1. janúar 2023 til 21. apríl 2023, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Jónssonar lögmanns, 4.851.252 krónur, þóknun verjenda á rannsóknarstigi, Arnars Kormáks Friðrikssonar lögmanns, 1.227.879 krónur, og Sveins Andra Sveinssonar lögmanns, 1.303.209 krónur, og þóknun réttargæslumanns brotþola, Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmanns, 1.325.808 krónur, og 524.569 krónur í annan sakarkostnað.

Barbara Björnsdóttir